

að á aukarjettardómurinn að vera oraskaður, og ber áfrýjanda auk þess að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, 20 kr. til stefnda Finnboga Árnasonar og 10 kr. til stefnda Kristjáns Þorgrímssonar.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Nr. 14/1898: Hreppsnefnd Norðfjarðarhrepps
 gegn
 Jónasi Helgasyni, Kristni Einarsyni, Magnúsi Eiríkssyni og Guðjóni Bjarnasyni.

D ó m u r :

Haustið 1896 lagði hreppsnefndin í Norðfjarðarhreppi aukaútsvar á hina stefndu, sunnlenzka sjóróðramenn, er dvalið höfðu þá um sumarið í hreppnum og stundað þar fiskiveiðar um 4 mánaða tíma. Krafðist hreppsnefndin þess, að bæjarfógetinn í Reykjavík, þar sem hinir stefndu áttu heimili, tæki lögtaki útsvörin, sem voru 2 kr. 50 a. á stefnda Jónasi Helgasyni, en 2 kr. á hverjum hinna, en bæjarfógetinn neitaði með úrskurði, kveðnum upp í fógetarjetti í Reykjavík 21. sept. f. á., að framkvæma lögtakið, og áfrýjaði þá hreppsnefndin þeim úrskurði til yfirdómsins með stefnu, dags. 20. marz þ. á

Áfrýjandinn hefur krafizt þess fyrir yfirdómi, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og fó-

getinn skyldaður til að framkvæma hina umbeðnu lögtaksgjörð, og að hinir stefndu verði einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til að greiða áfrýjunarkostnað máls þessa að skaðlausu eða með einhverju nægilegu eptir rjettarins mati. Hinir stefndu hafa eigi mætt eða látið mæta fyrir yfir-dóminum, og er þeim þó löglega stefnt, og verður því málið dæmt eptir framlögðum skjölum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Hreppsnefndin hefur byggt útsvarsskyldu hinna stefndu í Norðfjarðarhreppi á því, að þeir, eins og áður er sagt, öfluðu sjer atvinnu við fiskiveiðar í Norðfirði fulla 4 mánuði af árinu 1896, og hefur hún álitid að þeir hafi því samkvæmt lögum nr. 12, 9. ágúst 1889, átt að greiða útsvar þar í hreppi að rjettri tiltölu. En þar sem það er viðurkennt í málinu, að mennirnir voru heimilisfastir í Reykjavík umrætt ár (1896), þá er yfir-dómurinn samdóma fögetanum um það, að stundardvöl þeirra eystra verði eigi talin »fast aðsetur« þar í þeim skilningi, er nefnd lög leggja í þessi orð, nje heldur verði atvinnurekstur þeirra í Norðfirði heimfærður undir »arðsamar stofnanir og fyrirtæki«, er leggja megi á útsvar eptir greindum lögum 9. ágúst 1889. Útsvarsskyldan verður eigi heldur byggð á lögum nr. 6, 19. júní 1888, 2. gr., með því að álíta verður samkvæmt brjefi bæjarfögetans í Reykjavík til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, dags. 10. maí 1897, sem fram var lagt í fögetarjettinum, að hinir stefndu hafi stundað

fiskiveiðar í Norðfjarðarhreppi á útveg þarsveitar-
manna, og hefur umsögn bæjarfógetans hjer að
lútandi eigi verið hrundið með lögmætri sönnun.
Þar sem nú útsvarsskyldan eigi heldur verður
byggð á öðrum lagafyrirmælum, ber að staðfesta
hinn áfrýjaða úrskurð fógetarjettarins. Þar sem
stefndu mættu eigi nje nokkur af þeirra hendi,
hlýtur málskostnaður að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður á að vera
óraskaður. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 11. júlímánaðar.

Nr. 39/1897:

Vilhelm Knudsen

gegn

amtmaninum yfir Suðuramtinu
og Vesturamtinu fyrir hönd lands-
sjóðs.

D ó m u r:

Með brjefi, dags. 18. marzmán. 1896, lagði
amtmaðurinn yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu
fyrir sýslumanninn í Skaptafellssýslu að hefja rjett-
arrannsókn út af því, að peninga vantaði í nokkr-
ar peningasendingar, er þá um veturinn komu
með austaupósti til póststofunnar í Reykjavík, en
líkur þóttu vera til þess, að peningunum hefði
verið stolið, meðan sendingarnar voru í vörzlum
póststjórnarinnar, og að þjófnaðurinn væri fram-
inn innan lögsagnarumdæmis Skaptafellssýslu.